

Atli Harðarson

Rauður dreyri máls í hljóm: Um vopnaburð í barnabókmenntum

Öldum saman voru rímur vinsælar hér á landi. Í annarri ljóðabók sinni, *Álftirnar kvaka*, sem út kom árið 1929 minnst Jóhannes úr Kötlum kvöldvöku í koti bernsku sinnar og fer fögrum orðum um þessa sagnaskemmtun.

Man ég fyrrum þyt á þökum,
þreyta styr við éljadrög. –
Þá á kyrrum kvelda vökum
kveiktu hyrinn rímnalög.

Birti um rann af fornum funa
fljótt er annir leyfðu það.
Gleði brann í mildum muna.
– Mamma spann, en pabbi kvað.

Söng í eyrum sagan góða,
– sagði meira en orðin tóm.
Rann af geirum refilþjóða
rauður dreyri máls í hljóm.¹

Eins og sést af tveimur síðustu línunum tengdist kveðandinn blóðugum átökum enda fjölluðu rímur gjarna um bardaga upp á líf og dauða. Sumar þeirra voru nánast eins og kvikmyndir eftir Tarantino þar sem „hrana sólin heli fól, hvern í bóli sínu“² eins og sagði í rímum Sigurðar Breiðfjörð af Jómsvíkingum.

Sagnaskemmtun Íslendinga fyrr á tímum er ekki eina dæmið um vinsælar bókmenntir þar sem vopn og vígaferli koma við sögu. Mér er nær að halda að öldum saman hafi stór hluti af sagnaskemmtun almennings fjallað öðrum þræði um manndráp. Ég gæti svo sem talið upp

¹ Jóhannes úr Kötlum, *Úrval kvæða og ritgerða* (Mál og menning, 1992), bls. 35.

² Sigurður Breiðfjörð, *Rímur af Líkafróni kóngssyni og köppum hans ortar af Sigurði Breiðfjörð og eftir hans handriti prentaðar* (Viðeyjarklaustur, 1843), bls. 67.

langan lista frá *Ilíonskviðu* Hómers gegnum bókmenntasögu fyrri alda til glæpasagna og sjónvarpsþátta nútímans. Einhvers staðar á honum miðjum yrðu sögur um Guðrúnu Gjúkadóttur og Sigurð Fáfnisbana, Hallgerði langbrók og Bergþóru á Bergþórshvoli, Hróa hött og Ríkharð ljónshjarta.

Sem barn las ég ókjör af barnareyfurum þess tíma – heilu ritraðirnar um Bob Moran, Benna flugmann, já og líka Jonna, Önnu, Finn og Dísu og fleiri og fleiri. Í sumum þessum bókum blönduðust eitruð karlmennska, heimsvaldastefna og kynþáttafordómar saman við hetjuskapinn og sumar voru ekki merkilegur skáldskapur. En lakari bækurnar voru ekki lélegar vegna þess að þær snerust um lífsháska. Vondar sögur eru vondar af allt öðrum ástæðum.

Í fjölmörgum perlum barnabókmenntanna bera söguhetjur vopn. Við getum tekið sem dæmi *Elsku Míó minn* eftir Astrid Lindgren, sem kom fyrst út á sænsku 1960, sama ár og ég fæddist. Hún er til á íslensku í gullfallegrri þýðingu Heimis Pálssonar. Sögumaður er konungssonur sem fær vopn hjá sverðasmið til þess berjast við vonda riddarann Kató og frelsa dóttur vefjarkonunnar og öll hin börnin sem hann hafði hertekið. „Klukkustund stóð orustan sem beðið hafði verið í þúsund og þúsund ár. Þessi þögla og skelfilega orusta, þar sem sverð mitt þaut eins og elding gegnum loftið og mætti sverði riddarans Katós og laust það að lokum úr hendi hans. Riddarinn Kató stóð frammi fyrir mér vopnlaus, og hann vissi að orustan var búin.“³

Ég gæti haldið lengi áfram að telja upp góðar barnabækur þar sem söguhetjurnar grípa til vopna en ég læt eitt dæmi til viðbótar duga. Bókin *Benjamín dúfa* eftir Friðrik Erlingsson kom fyrst út árið 1992 og segir frá nokkrum drengjum í Reykjavík. Einn í hópnum á ættir að rekja til skoskra aðalsmanna og heima hjá honum er til alvöru sverð. Vopnin sem drengirnir leika sér með eru samt bara úr tré. Leikirnir eru engu að síður dauðans alvara og tengjast í senn góðverkum og slysi þar sem eitt barnið deyr. Í lokakaflanum, sem gerist áratugum seinna, er sögumaður fullorðinn og flettir dagbók Rauða dregans, riddarareglunnar sem hann stofnaði með vinum sínum. Sonur hans kemur inn með voldugt trésverð í hendi og spyr hvaða bók hann sé með: „Ég skal segja þér frá því seinna því það er löng saga, sagði ég. Farðu nú út að skylmast, riddari litli.“⁴

³ Astrid Lindgren, *Elsku Míó minn* (Mál og menning, 1977), bls. 167.

⁴ Friðrik Erlingsson, *Benjamín dúfa* (Iðunn, 2003), bls. 137.

Það gefur augaleið að ef börn lesa um kappi með sverð þá gera þau sér skylmingar að leik. Þaðan er ef til vill stutt í stríðsleiki sem nú um stundir eru mest leiknir á tölvuskjá og vera má að af þeim leikvöllum sé sums staðar ekki nema hænufer í dýrkun á ofbeldi og aðdáun á illverkum. Við sjáum í fréttum á hverjum degi að stríð nútímans eru uppfyll af illsku sem á lítið skylt við hetjuskap og riddaramennsku. Við hljótum því að spyrja hvað halda skuli um sögumann sem segir barni sínu að fara nú út að skylmast. Eiga börn áfram að horfa á kvikmyndir og skemmta sér við sögur þar sem fólk notar hernaðartæki og vígvélar eða eigum við að halda slíku efni frá þeim – jafnvel þótt það séu góðar bókmenntir á borð við *Elsku Míó minn* og *Benjamín dúfu*?

Við þessu er ef til vill ekkert einfalt svar. Hluti af svari sem er nógu margbrotið til að gera efninu skil hlýtur þó að nefna að við notum sögur um lífsháska til þess að kenna næstu kynslóð gott siðferði. Slíkar sögur eru samofnar farsælum uppvexti og hafa líklega verið það frá örófi alda. Þær minna á að mannanna börn eru oft varnarlaus í hörðum heimi og þær eiga sinn þátt í að kenna lesendum og áheyrendum að setja sig í annarra spor – auka á samkennd og vilja til að hjálpa og bjarga jafnvel þótt það kosti erfiði og áhættu. Vopnaburðurinn í heimsbókmenntunum – og rímunum sem Jóhannes úr Kötlum mundi eftir – er oftast en ekki hluti af viðleitni fólks til að verja nauðstadda ástvini eða vinna gegn yfirgangi og ranglæti.

Sögur um fólk sem leggur sig í hættu til að bjarga öðrum koma því til skila hvað lífið er ómetanlegt, hvað ástin er dýrmæt og hvað réttlætið skiptir miklu máli. Ég veit satt að segja ekki til að við mannfólkið kunnum neina betri leið til kenna börnum sumt af því sem mestu varðar en frásagnir þar sem líf sögupersónanna er í húfi. Mér er líka heldur til efs að við getum gert það án þess að stundum sé sagt frá baráttu upp á líf og dauða.